# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFISSTOFNUN

**Skeljungur   Grindavík**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 1.10.2014 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson | |
| **Fyrirtæki** | Skeljungur | **Fulltrúi UST** | | |
| **Heimili** | Borgartún 26 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið | |
| **Kennitala** | 5902691749 | **Flokkur** | Olía | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Steinar Guðnason | **ÍSAT nr.** | 51.51.0 | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Ástmar Kári Ástmarsson | **Staðsetning** | 331175,074 | 375060,032 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Við komuna í Grindavík var sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

Olíubirgðastöðin var öll yfirfarin á síðasta ári, geymar botnþykktarmældir, hreinsaðir og málaðir. Geymarnir voru endurmerktir að því loknu. Girðing um stöðina endurnýjuð og stöðvarhús málað. Þrýstiprófanir á 3 og 4 tommu lögnum hafa einnig borist.

Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar var prófað með Macherey-Nagel olíuprófi og greindist ekki olía í frárennslinu. Loki í frárennsli mengunarvarnaþróar stóð lokaður. Olíuskiljuna var þjónustuð í október sl.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Þær mælingar og prófanir sem krafist er í stöðinni hafa allar verið framkvæmdar.

Girðing og hlið voru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 17.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.